

**Ed.**

**690. Frumvarp**

til laga um húsagerð ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala,
2. viðbót við geðveikrahælið á Kleppi,
3. íbúðarhús á Hvanneyri og
4. íbúðarhús og skólahús á Eiðum.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.